

Ed.

596. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað þetta mál rækilega og rætt það á allmörgum fundum. Ekki hefur þó náðst fullt samkomulag um frumvarpið. Leggja tveir nefndarmenn (SÁÓ og ÁJ) til, að frumvarpið gangi fram óbreytt, og hinn þriðji nefndarmaður (JJ) kveðst ekki hafa tekið fullnaðarafstöðu til málsins.

Helztu breytingar frá núgildandi lögum, sem frv. gerir ráð fyrir, eru þessar:

- 1) Að viðskiptaháskólinn sameinist Háskóla Íslands.
- 2) Að háskólanum sé heimilað að takmarka aðsókn að einstökum deildum.
- 3) Að setja megi fyrirmæli um það, að stúdent, er ganga vill til prófs, skuli áður hafa lokið undirbúningsprófum eða notið kennslu í tilteknum greinum á nám-

skeiðum, í æfingaflokkum eða við verklegt nám, þar á meðal að hann hafi notið kennslu í íþróttum ekki skemur en 4 kennslumissiri.

Það, sem mestu máli skiptir í þessu frv. og helzt hefur valdið ágreiningi, er sameining viðskiptaháskólans við háskólann. Hefur nefndin rætt þetta atriði sérstaklega við nokkra af forráðamönnum Verzlunarskóla Íslands og viðskiptaháskólans, en frv. allt við háskólaráðið.

Það, sem meiri hluti nefndarinnar telur, að sérstaklega mæli með því, að þessi sameining fari fram, er í fám orðum:

Það er æskilegt, að sem fullkomnastri fræðslu verði komið á hér í hagfræðum og viðskiptafræðum. Í háskólanum fer þegar fram kennsla í nokkrum þeim námsgreinum, sem kenndar eru í viðskiptaháskólanum og óhjákvæmilegt er að kenna þar, sem fram á að fara æðri fræðsla í slíkum efnunum, t. d. í lögfræði, hagfræði, bókfærslu og tungumálum að nokkru leyti. Það er því auðsær hagnaður að því að sameina þessa fræðslu. Með því notast betur en ella þeir kennslukraftar, sem háskólinn hefur nú þegar á að skipa, en kostnaðaraukinn yrði lítill, þar sem nemendur í lögum, hagfræði og viðskiptamálum geta í mörgum tilfellum sótt kennslu sameiginlega.

Um það hefur verið rætt, hverjir ættu að hafa aðgang að slíkri háskólafræðslu, hvort takmarka ætti hana við menntaskólastúdentana eina, eða veita einnig aðgang að henni nemendum verzlunarskóla. Þetta hefur verið látið útkljáð í nefndinni, en meiri hlutanum þykir þó sanngirni mæla með því, að þetta hagfræði- og viðskiptanám mættu einnig sækja nemendur útskrifaðir úr Verzlunarskóla Íslands eða öðrum sambærilegum sérskóla fyrir verzlunarmenntun. Visast í því efni til 2. gr. frumvarpsins, þar sem talað er um, að rétt til þess að vera háskólaborgarar hafi auk menntaskólastúdentana nemendur frá öðrum innlendum skóla jafngildum. Verzlunarskóli Íslands veitir nú 5 ára fræðslu, sem að miklu leyti er sérfræðsla í þeim námsgreinum, sem stunda á í hagfræði- og viðskiptadeild háskólans. Auk þess hefur skólinn síðan 1933, flest árin, starfrækt framhaldsdeild, áþekka því, sem viðskiptaháskólanum var seinna ætlað að vera.

Eins og fyrr segir, hefur frv. verið rætt við aðila frá háskóla, viðskiptaháskóla og Verzlunarskóla Íslands. Hins vegar hefur nefndin ekki haft tal af þeim aðila þessa máls, sem sameiningin snertir mest, en það eru nemendur þeir, sem nú stunda nám í viðskiptaháskólanum. En það vill svo vel til, að þessir menn hafa gert grein fyrir álitinu sínu og rakið nokkuð sögu skólans í bréfi, sem þeir skrifuðu Alþingi 2. marz s. l. Þykir því rétt, að bréf þetta fylgi nefndarálitinu, og birtist það hér orðrétt.

Reykjavík, 2. marz 1941.

Vér undirritaðir, nemendur viðskiptaháskóla Íslands, viljum hér með beina þeirri áskorun til hæstvirts Alþingis, að það hlutist til um, að viðskiptaháskólinn verði sameinaður Háskóla Íslands, og að sú sameining fari fram þegar í vetur.

Í viðtali 26. febr. s. l. hefur kennslumálaráðherra tjáð oss, að hann muni biðja menntamálanefnd neðri deildar að flytja frumvarp þessa efnis, og mælumst vér eindregið til, að það frv. verði samþykkt.

Vegna margs konar misskilnings, sem vér höfum orðið varir við í sambandi við viðskiptaháskólann, viljum vér leyfa oss að rekja í fáum dráttum sögu skólans hér á eftir.

Viðskiptaháskóli Íslands var stofnaður haustið 1938 á þann hátt, að Steinþór Sigurðsson mag. scient. var ráðinn af ríkisstjórninni sem skólastjóri og honum falið að koma skólanum á fót. Formlega hefur hann stjórnað skólanum einn frá upphafi, en skólinn mun vera stofnaður að tilhlutun utanríkismálanefndar, og er oss eigi kunnugt, hvort hún hefur haft einhverja íhlutun um stjórnina.

Í september 1938 birti skólastjóri auglýsingar um stofnun skólans í útvarpi og blöðum. Um fyrirkomulag skólans segir þar: „Skólinn veitir nemendum sínum fræðslu í þeim greinum, sem helzt má ætla, að komið geti að notum við almennan atvinnurekstur og viðskipti. Sérstök áherzla verður lögð á hagnýta þekkingu, eink-

um í öllu því, sem varðar Ísland og helztu viðskiptalönd þess.“ (Sbr. „Tíminn“, 22. sept. 1938.)

Allmargir munu hafa sótt um inngöngu í skólann, og voru 10 teknir, allir stúdentar, og hafa ekki verið teknir aðrir en stúdentar í skólann síðan. Tók skólinn svo til starfa í októberlok í Íþöku við menntaskólann í Reykjavík.

Nokkrir af umsækjendum fengu að sjá hjá skólastjóra uppkast að bráðabirgða-reglugerð, er samið hafði verið fyrir skólann. En uppkast þetta var aldrei staðfest, og hefur því heldur ekki verið framfylgt. Skólinn hefur því frá byrjun starfað án nokkurrar reglugerðar.

Fyrsta starfsár skólans var kennt þar: tungumál (enska, þýzka og franska), saga (stjórnmalasaga Evrópu 1848—1914), alm. lögfræði, og síðara missirið var auk þess byrjað á alm. þjóðhagsfræði og bókfærslu.

Um sumarið var þess farið á leit við nokkur fyrirtæki, að þau tækju nemendur skólans í vinnu yfir sumarmánuðina og greiddu 400 kr. á mánuði, sem síðan yrði úthlutað sem styrk frá skólanum. Fór svo, að allir nemendur fengu slíka vinnu í 2—4 mánuði um sumarið.

Haustið 1939 var skólinn svo heppinn, að til hans réðst sem kennari (stunda-kennari) Gylfi Þ. Gíslason hagfræðingur. Var hann nýkominn frá Þýzkalandi og hafði þar lagt stund á reksturshagfræði (Betriebswirtschaftslehre, Driftsökonomi). Þessa fræðigreinin tók hann nú að kenna við skólann, og var nú samin ný og ýtarlegri kennsluáætlun, sem síðan hefur verið fylgt. Samkvæmt henni er fyrirkomulag skólans svipað og verzlunarháskóla og háskóladeilda erlendis, eins og sjá má á meðfylgjandi skrá yfir kennslugreinar skólans tvö síðari árin.

Veturinn 1939—1940 bættust við álíka margir nemendur og árið áður, og var skólinn þann vetur í kennslustofu í húsi atvinnudeildar háskólans. Nú í haust bættust enn við nokkrir nemendur, og eru nú alls 25 nemendur við skólann. Í vetur er skólinn í hinni nýju háskólabyggingu.

Tvo fyrstu veturina var enginn fastur kennari við skólann, nema skólastjórinn, en hann kenndi lítið sem ekkert, enda er menntun hans á öðru sviði en hér um ræðir, sem kunnugt er. Þetta, að eingöngu stundakennarar kenndu við skólann, gerði það að verkum, að tímasókn varð að dreifast yfir allan daginn, og torveldaði það mjög námið. Síðastliðið haust leit enn fremur svo út, sem Gylfi Þ. Gíslason mundi hverfa frá skólanum. Hefði hann ekki getað stundað kennslu áfram við skólann nema með því móti að sleppa aðalatvinnu sinni. Hins vegar vildi hann ekki sleppa tryggri stöðu og ráðast að viðskiptaháskólanum, sem hvorki hafði lög né reglugerð við að styðjast og allt var í óvissu um. Skrifuðum vér þá ríkisstjórninni bréf (23. sept.), þar sem vér tjáðum henni, að vér mundum ekki sjá oss fært að stunda nám áfram við skólann, ef Gylfi færi frá honum, og fórum þess á leit, að ríkisstjórnin hlutaðist til um, að hann yrði áfram við skólann, enda mun hann vera eini maðurinn, sem völ er á til að gegna þessu starfi, og hefur auk þess reynt ágætur kennari. Brást ríkisstjórnin vel við þessum tilmælum, og nokkru síðar var Gylfi skipaður fastur kennari við viðskiptaháskólann og dócent við lagadeild Háskóla Íslands frá hausti 1942, ef þessir skólar hafa þá ekki verið sameinaðir.

Síðastliðinn vetur ræddum vér á skólafundi fyrirkomulag skólans. Vorum vér sammála um, að sjálfsgagt væri að sameina hann háskólanum, enda mun það þegar í byrjun hafa verið skoðun ýmsra þingmanna, m. a. í utanríkismálanefnd, að stofna bæri viðskiptadeild við háskólann, en ekki sérstakan skóla eins og raunin varð. Ekki hófumst vér samt handa þá þegar, en væntum þess, að stjórn háskólans beitti sér fyrir málinu, þar eð hún hafði látið opinberlega í ljós óskir um, að þessi sameining færi fram, enda hefur oft komið til mála áður að stofna viðskipta- eða verzlunardeild við háskólann, sbr. t. d. þingsályktunartillögu Magnúsar Jónssonar prófessors á þingi 1928.

Í septembermánuði s. l. fréttum vér svo, að stjórn háskólans ætti í samningaumleitunum við ríkisstjórnina um sameiningu skólanna. Hafði verið samin kennslu-

áætlun fyrir hina væntanlegu nýju deild í háskólanum og hún borin undir hagfræðingafélagið og samþykkt af nefnd þar. Er hún eins eða mjög svipuð því, sem nú er við viðskiptaháskólann. Sendum vér nú bréf til ríkisstjórnarinnar (13. sept.) og létum í ljós óskir vorar í þessu máli. Þær ítrekuðum vér í áður nefndu bréfi (23. sept.) og færðum nokkur rök máli voru til stuðnings. Enn fremur áttum vér tal við nokkra ráðherranna og fórum þess á leit, að skólarnir væru sameinaðir þá þegar. Einnig sendi stúdentaráð háskólans ríkisstjórninni tilmæli, er hnigu í sömu átt. Ríkisstjórnin sá sér ekki fært að gera breytingar á háskólalögunum með bráðabirgðalögum, en hins vegar var meiri hluti ráðherranna málinu hlynntur. Má einnig sjá hug stjórnarinnar á því, að Gylfi Þ. Gíslason er skipaður docent við lagadeild háskólans frá hausti 1942, sem fyrr segir. Verði þá tekin upp kennsla í viðskiptafræðum við laga-deildina, benda allar líkur til þess, að þá muni viðskiptaháskólinn leggjast niður, ef hann hefur þá ekki verið sameinaður háskólanum. En meðal annars vegna þess, að í vor eiga fyrstu nemendurnir að útskrifast frá skólanum, væntum vér þess eindregið, að skólarnir verði sameinaðir þegar í vetur.

Einn af þeim kostum, sem þessi sameining hefði í för með sér, er mikill sparnaður. Án þess að lýst sé hér nákvæmlega, hvernig sá sparnaður kæmi fram, skal þess getið, að ein aðalorsök hans væri sú, að ýmislegt af því, sem kennt er í viðskiptaháskólanum, er einnig kennt við háskólann, og yrðu þannig sameiginlegir kennarar í nokkrum greinum (lögfræði, alm. þjóðhagfræði, tungumál, bókfærsla, vélritun).

Vonum vér svo, að Alþingi bregðist vel við þessari málaleitun vorri.

Virðingarfyllst,

Friðfinnur Ólafsson, Pétur Thorsteinsson, Bergur Sigurbjörnsson, Egill Sigurðsson, Sig. Sigurðsson, Bergur Vigfússon, Jón G. Halldórsson, Hilmar Kristjánsson, Björn Halldórsson, Stefán Svavars, Valgarð J. Ólafs, Kristján Bjarnason, Svavar Pálsson, Önundur Ásgeirsson, Gestur Jónsson, Jörundur Oddsson, Sveinn Þórðarson, Emil Björnsson, Hjálmur Finnsson, Hörður Þórhallsson, Sig. Hafstað, Guðjón Ásgrímsson, Finnur Kristjánsson, Gunnar Hjörvar, Þorst. Þorsteinsson.

Til Alþingis Íslendinga.

Skrá yfir kennslugreinar.

- I. Þjóðhagfræði (Kennari: Ólafur Björnsson, hagfræðingur).
 1. Almenn þjóðhagfræði.
 2. Fjármálafræði (Finansvidenskab).
 3. Milliríkjavæzlun.
- II. Reksturshagfræði (Driftsökonomi, kennari: Gylfi Þ. Gíslason).
 1. Almenn reksturshagfræði.
 2. Væzlunarrekstursfræði.
 3. Iðnaðarrekstursfræði.
 4. Bankarekstursfræði.
 5. Markaðsrannsóknir og auglýsingar.
 6. Peninga- og fjármagnsviðskipti.
 7. Fjármögnun fyrirtækja (Finansiering).
 8. Skattar fyrirtækja.
 9. Samning efnahagsreikninga.
 10. Kostnaðarreikningur (Kalkulation o. fl.).
 11. Bókfærsla og endurskoðun (Kennarar: G. Þ. G. og Björn Steffensen).
 12. Viðskiptareikningur (Kennari: Steinþór Sigurðsson, skólastjóri).
- III. Lögfræði (Kennari: Jóhann Hafstein, lögfræðingur).
 1. Almenn lögfræði og fjármunaréttur.
 2. Þjóðaréttur og stjórnskipunarréttur.
- IV. Tölfræði (Statistik, kennari: Guðmundur Guðmundsson, tryggingafr.).

- V. Viðskiptasaga (Kennari: Skúli Þórðarson, magister).
- VI. Ísl. atvinnulíf (G. P. G.).
- VII. Enska (ensk verzlunarbréf, kennarar: Eiríkur Benedíkz, skjalapýðari, og J. McKenzie, B. A., Ph. D.).
- VIII. Þýzka (þýzk verzlunarbréf, kennarar: Bruno Kress, dr. phil., og Ingvar Brynjólfsson).
- IX. Franska (Kennari: Magnús Jónsson, lic. és lettres, og Jean Haupt, lic. és l.).
- X. Vélritun (Kennari: Elís Ó. Guðmundsson).
- XI. Seminör í þjóðhagfr. og reksturshagfr.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. maí 1941.

Árni Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson.
fundaskr., frsm.